

Allsherjar- og menntamálanefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

Reykjavík, 3. október 2024

Meðfylgjandi er umsögn Rauða krossins á Íslandi um frumvarp til laga um breytingu á lögum um útlendinga, nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar).

Virðingarfyllt,
f.h. Rauða krossins á Íslandi



Kristín S. Hjálmtýsdóttir,
framkvæmdastjóri

UMSÖGN RAUÐA KROSSINS Á ÍSLANDI

um

**frumvarp til laga um breytingu á lögum útlendinga nr. 80/2016 (afnám þjónustusviptingar)
155. löggjafarþing 2024-2025 Þingskjal 62 – 62. mál**

Rauði krossinn á Íslandi þakkar fyrir það tækifæri sem hér gefst til umsagnar á ofangreindu frumvarpi.

Rauði krossinn á Íslandi stendur vörð um mannréttindi og virðingu einstaklinga og vinnur að málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks í samvinnu við stjórnvöld og Flóttamannastofnun Sameinuðu þjóðanna. Frá árinu 2014 hefur Rauði krossinn á Íslandi sinnt umfangsmikilli þjónustu við umsækjendur um alþjóðlega vernd á grundvelli samninga við stjórnvöld, sem og við fólk með vernd í enn lengri tíma. Er eftirfarandi umsögn Rauða krossins fyrst og fremst mótuð af því hlutverki og hagsmunagæslu hreyfingarinnar fyrir viðkvæma hópa s.s. flóttafólk og farendur, til viðbótar við þá miklu og löngu reynslu sem félagið hefur af málefnum umsækjenda um alþjóðlega vernd og flóttafólks.

Við yfirferð frumvarpsins hefur Rauði krossinn haft til hliðsjónar grunngildi hreyfingarinnar um mannúð, óhlutdrægni og hlutleysi sem og stefnu Alþjóðahreyfingar Rauða krossins í málefnum sem tengjast flóttafólki, umsækjendum um alþjóðlega vernd og alþjóðlegum fólksflutningum.

Rauði krossinn hefur undanfarið rúmt ár rekið neyðarskýli fyrir fólk sem hefur verið svipt þjónustu í kjölfar niðurfellingar réttinda. Staða hópsins sem dvelur í neyðarskýlinu er óviðunandi og því leggur félagið til að frumvarpið verði samþykkt.

Fyrst ber að nefna að aðgengi að almennri heilbrigðisþjónustu er ekkert. Óljóst er hvort, og hvernig, mat á heilsufari fer fram við ákvörðun um niðurfellingu réttar til þjónustu, en í neyðarskýlinu hafa gist einstaklingar sem Rauði krossinn telur að hafi átt að vera undir reglulegu eftirliti lækna og annarra sérfræðinga.

Engin opinber stofnun ber ábyrgð á þjónustu við hópinn sem þýðir að upplýsingagjöf til fólks er engin og þau skortir tengilið vegna ólíkra þarfa og aðstæðna sem kunna að koma upp.

Rauði krossinn hefur áður varað við afleiðingum breytinga sem gerðar voru á lögum um útlendinga 15. mars 2023. Félagið vill ítreka afstöðu sína og vísar í því samhengi til fyrri umsagna félagsins sem hafa á liðnum árum verið margar um sama efni. Eru það umsagnir dags. 5. október 2023 við þingskjal 113-113. mál, 31. maí 2022 við þingskjal 837-595 mál og umsögn við ónúmerað þingskjal og mál, dags. 11. febrúar sama ár. Þá hafði félagið áður mótmælt þjónustusviptingu umsækjenda um alþjóðlega vernd á löggjafarþingi 2020-2021 í umsögn sinni

við þingskjal 1029, 608. mál dags. 7. apríl 2021 og við þingskjal 112, 717. mál með umsögn dags. 26. maí 2020.

Lokaorð

Fulltrúar Rauða krossins eru reiðubúnir að gera nánari grein fyrir athugasemdum félagsins sé þess óskað